

9. bekkur 2025-2026

Umsjónarkennari: Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Heimastofa: Einkaland

Í 9. bekk er lögð rík áhersla á samskipti, samvinnu og félagsfærni. Við vinnum markvisst að því að styrkja sjálfsmynd nemenda með jákvæðum hvötum, uppbyggilegri endurgjöf og hvatningu.

Kennslan miðar að því að styðja nemendur í að tileinka sér þekkingu, færni og jákvætt viðhorf þannig að þeir öðlist þá hæfni sem markmiðum námsgreina er ætlað að byggja upp.

Lögð er áhersla á að efla rökhugsun, gagnrýna og skapandi hugsun, ásamt hæfni til lausnaleitar. Nemendur fá tækifæri til að rökræða og rökstyðja skoðanir sínar bæði í ræðu og riti.

Við leggjum einnig áherslu á einstaklingsmiðað nám þar sem notast er við fjölbreyttar, skapandi og skemmtilegar kennsluaðferðir.

Náttúrugreinar

Kennari: Halla Sigríður Bjarnadóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla – náttúrugreinar

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-22-natturugreinar-2024> Nánar um hæfniviðmiðin og námsmarkmiðin koma fram í verkefnabók í mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni –

- Vistkerfi, umhverfið okkar og umhverfisvandamál,
- Frumeindir og sameindir, lotukerfið,
- Rafmagn, segulmagn og rafrásir, eðlismassi, hljóð og bylgjur, orku og afl,
- Vísindavaka þar sem nemendur framkvæma sínar tilraunir sem þeir velja.

Markmiðið er að nemendur öðlist skilning og geti rökrætt um málefni sem tengjast efninu. Kennslan fer fram inni- og úti og markmiðið er þeir þrói með sér góðan orðaforða og jákvætt viðhorf til námsgreinarinnar. Einnig að þeir fái tækifæri til að styrkja verklega færni sína, læra að veita náttúrunni athygli, afla upplýsinga úr heimildum og athugunum auk þess að vinna úr þeim og miðla þeim. Nemendur fá þjálfun í að tileinka sér góð vinnubrögð, vinnuaðferðir og að greina skipulega frá niðurstöðu vinnu sinnar. Áhersla er á vísindalæsi, lesið texta í náttúruvísindum og notað hugtökin sem við á hverju sinni.

Námsgögn - grunnur:

- Maður og náttúra, 2. og 3.kafli.
- Efnisheimurinn, 2.og 3.kafli.
- Eðlisfræði 1, 1.og 2.kafli.
- Eðlisfræði 2, 3. og 4.kafli.

Allar bækur eru á vef námsgagnastofnunar, bæði rafbækur og hljóðbækur. Auk þess: veraldarvefurinn, ýmsar fræðibækur sem tengjast efninu beint og fréttir þá stundina ef þær tengjast efninu á einhvern hátt. Tölvur og spjaldtölvur eru nýttar í verkefnavinnunni og heimildaröflun.

Kennsluhættir - Fyrirlestrar, stöðvavinna þar sem nemendur fá fjölbreytt verkefni sem tengjast efni vikunnar. Vinna í pörum og hópum eru ríkjandi aðferðir, eins verða unnin verkefni einslega. Umræður um efni líðandi stundar og nýjar kenningar sem tengjast náttúrufræði.

Kennslufyrirkomulag - Náttúrufræði er kennd þrjá daga vikunnar, 40 mín. í senn. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður. (skólastefnan)

Námsmat -Leiðsagnarmat: Vinnubók, sjálfsmat, athuganir, verkefni, kannanir og próf.

Samfélagsfræði

Kennari: Halla S. Bjarnadóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla 2024 - samfélagsgreinar.

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafla-24-samfelagsgreinar-2024> Nánar um hæfniviðmið og námsmarkmiðin koma fram í verkefnabók á Mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni -

- Ameríska og franska byltingin, Napóleon og iðnbyltingin
- Fyrri- og seinni heimstyrjöldin
- Heimsálfurnar og landslag

Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á sögulegum atburðum og skilji í hverju farsælt líf á jörðinni felst. Að efla skilning nemenda á réttlæti, frelsi, vináttu og virðingu á almennum mannréttindum. Að nemendur láti sig málefni samfélagsins í fortíð, nútíð og framtíð varða og tileinki sér lýðræðisleg vinnubrögð, samræðu, rökræðu og hnattræna hugsun.

Námsgögn - grunnur:

- Lýðræði og tækni, saga 19. aldar.
- Styrjaldir og kreppa, saga 20. aldar.
- Fyrri heimstyrjöldin <https://nytt.skolavefurinn.is/islenska/unglingastig/fyrri-heimsstyrjoldin>
- Um víða veröld, Heimsálfur.

Allar bækur er á vef Námsgagnastofnunar, bæði raf- og hljóðbækur. Auk þess: Veraldarvefurinn, ýmsar fræðibækur og fréttir sem tengjast efniinu beint. Heimildarmyndir um efnið er nýtt eftir þörfum og áhuga. Tölvur og spjaldtölvur eru nýttar í verkefnavinnunni og heimildaröflun.

Kennsluhættir - Nemendur vinna verkefni tengd efniinu ýmist einir eða saman í hópum. Leitast er við að auka sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og þjálfu þá í umræðum og efla gagnrýna hugsun. Leitast er við að mæta þörfum hvers og eins. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur vinni alltaf sömu verkefni á sama tíma.

Kennslufyrirkomulag - Samfélagsfræði er kennd þrisvar sinnum í viku, 40 mín. í senn. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað og ábyrgð nemenda á eigin námi, að nemendur fái verkefni tengt áhugasviði sínu.

Námsmat - Leiðsagnarmat. Námsmat byggir á símati, stuttum könnunum, verkefnavinnu, sjálfsmati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Lífsleikni

Kennarar: Halla Sigríður Bjarnadóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalsnámskrár grunnskóla 2024. Hæfniviðmið sem miðað er við er fengið úr samfélagsgreinum - sjálfsmynd, siðferði og trú, náttúrugreinum - lífið, kynheilbrigði og heilsu manna, og skólaíþróttum - félagslegir þættir. Nánar um hæfniviðmið og námsmarkmiðin koma fram í verkefnabók í Mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni

- Upplýsinga og miðlalæsi,
- Kynlíf og kærleikur
- Mörk og samþykki
- 112 Hvað get ég gert - upplýsingar
- Heilbrigður lífstíll
- Réttindi og skyldur - barnasáttmálinn

Markmiðið er að nemendur fái kennslu og þjálfun í sjálfsþekkingu, jafnrétti og mannréttindum, einnig að þeir fái tækifæri til að fræðast um og taka á málefnum daglegs lífs á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Nemanda þarf að geta nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samtals og rökræðu.

Námsgögn - grunnur.

- Upplýsinga- og miðlalæsi <https://midlalaesi.is/samfelagsmidlar-og-aldursmerkingar/>
- Kynfræðsluvefinn <https://www1.mms.is/kyn/index.php>
- Vefur Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna
- 112 <https://www.112.is/spjall/112>
- Mannslíkaminn - litróf náttúrunnar

Námsefnið er að mestu leyti vefsíður en bókina Mannslíkamann er hægt að nálgast á vef Námsgagnastofnunar, bæði rafbókina og hljóðbókina.

Kennsluhættir - Fyrirlestrar, myndbönd og fræðsluvefir sem tengjast efninu beint. Umræður um efni líðandi stundar, samræður, vinna í þörum og hópum.

Kennslufyrirkomulag - Lífsleikni er kennd einu sinni í viku í 40 mínútur. Áherslur í allri kennslu er samvinna, samræður, jákvæð samskipti, virkni í tengslum og umræðum.

Námsmat - Leiðsagnarmat: Vinnubók, sjálfsmat, jafningjamat.

Upplýsinga og tæknimennt – 9. bekkur

Kennari: Erna Óðinsdóttir

Markmið - Aðalnámskrá grunnskóla - Upplýsinga og tæknimennt Nánari útfærslu á vinnu við hæfniviðmið og námsmarkmið má sjá í verkefnabók á Mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni -

- geti unnið með hugbúnað til ritvinnslu af öryggi og valið hugbúnað sem hentar mismunandi verkefnum s.s. ritunarverkefnum, bæklingi eða veggspjaldi.
- sett mynd eða töflu inn í texta í ritvinnsluhugbúnaði og gengið frá þannig að uppsetning sé skýr.
- geti nýtt leiðréttingarhugbúnað til að fara yfir stafsetningu og málfar í rituðum texta.
- geti nýtt þýðingarhugbúnað í lengri ritun á nýju tungumáli með því að þýða styttri búa í einu.
- geti vistað og deilt skjölum á viðeigandi hátt svo ekki sé hætt á gagnatapi.
- nýtt ólíka möguleika til samvinnu í sameiginlegum skjölum t.d. athugasemdum og breytingaferli.
- notað leitarvél, gagnaveitur og gervigreind til að afla sér fjölbreyttra heimilda á sjálfstæðan hátt og nýtt þær í gagnrýna umræðu og verkefni.
- Fundið miðla og texta sem má nota í verkefnum með því að geta höfundar, átti sig á muninum á áreyðanlegri og óáreyðanlegri heimild og skilji afleiðingar ritstuldar og þar með mikilvægi þess að höfundaréttur sé virtur.
- geti unnið með leiðbeiningar um staðal líkt og APA fyrir heimildaskráningu og nýtt þær við frágang heimildaskrár, tilvitnana og tilvísana.
- sett upp heimildaskrá samkvæmt staðli líkt og APA fyrir fjölbreyttar heimildir, geti unnið með beinar og óbeinar tilvitnanir og vísað rétt í þær.
- geti notað töflureikni í einfaldri reiknivinnu og nýtt myndræn form úr töflureikni í ritvinnsluskjöl.
- sett upp og hannað glærur með samræmdu, lita- og leturvali ásamt því að velja myndefni og myndbönd sem hæfa eðli verkefnis.

- hannað einföld grafísk verk með texta og myndum í hönnunarhugbúnaði s.s Canva eða Inkscape.
- viðhaldi færni í réttri fingrasetningu.

Markmiðið er að efla færni nemenda til að nýta Upplýsinga og tæknimennt í verkefnum sínum í nútíð og framtíð.

Námsgögn - grunnur:

- Ýmis verkefni af vef og frá kennara, ritvinnsla, glærugerð og Canva.
 - Heimir-handbók um heimildaritun (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir).
 - Verkefni í Excel fyrir unglingastig (Jóhanna Geirsdóttir).
 - Typing.com (æfingar í fingrasetningu).

Kennsluhættir – Fyrirlestrar, verkefnavinna og umræður. Nemendur takast á við fjölbreytt verkefni sem ætluð eru til að auka færni í hagnýtri vinnu við fjölbreytt tölvuverkefni daglegs lífs. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna, paravinna eða í hóp. Áhersla lögð á góð samskipti, líflegar umræður, uppbyggilega gagnrýni, vináttu og að hjálpast að.

Kennslufyrirkomulag – 8. og 9. bekkur sitja saman tíma í Upplýsinga og tæknimennt þetta skólaár. Upplýsinga og tæknimennt er kennd einu sinni í viku, 40 mín. í senn yfir allt skólaárið. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnamat: Tekið er mið af verkefnaskilum, vinnusemi, áhuga og framförum nemenda í kennslustundum, góðum samskiptum og hjálpssemi. Verkefni verða metin með tilliti til virkni, þátttöku og vinnubragða.

Fjármálalæsi – 9. bekkur

Kennari: Erna Óðinsdóttir

Markmið - Aðalnámskrá grunnskóla Stærðfræði og Aðalnámskrá grunnskóla - Samfélagsgreinar

Nánari útfærslu á vinnu við hæfniviðmið og námsmarkmið má sjá í verkefnabók á Mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni -

- Gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu. Átti sig á hvað kostar einstakling að vera til og hverjir eru helstu kostnaðarliðir. Hvað kostar t.d. að eiga og reka bíl.
- lesið launaseðil og skilið upplýsingarnar sem koma þar fram, s.s. persónuafslátt skattgreiðslur og -þrep, lífeyrisgreiðslur, aðild að stéttarfélagi og gjöld til þess.
- gert grein fyrir hvað felst í því að taka lán, hvað þarf að hafa í huga þegar lán er tekið og hver heildarkostnaður er við lántöku.

- borið saman valmöguleikann á láni á móti því að spara.
- geri sér grein fyrir vöxtum af innláns- og útlánsreikningum.
- sett upp einfalda fjárhagsáætlun/sparnaðaráætlun og haft yfirsýn yfir eigin tekjur og útgjöld.
- útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélag.
- skilið skatta og fjármálaumhverfi og átti sig á að lífskjör í samfélagi eru breytileg.
- varpað ljósi á neyslusamfélag nútímans, ferli hráefna frá öflun til eyðingar og hugmyndum um mikilvægi hringrásarhagkerfis.
- þekki nokkur lykilhugtök tengd fjármálalæsi, s.s. laun, launþegi, vinnuveitandi, launaseðill, skattstofn, skattur, skattþrep, lífeyrissjóður, viðbótarlífeyrissparnaður, persónuafsláttur, stéttarfélagsgjald, ráðstöfunartekjur, kjarasamningur, brúttólaun, nettólaun, dagvinna, eftirvinna, jafnaðarkaup.

Markmiðið er að efla skilning nemenda á fjármálum og hugtökum þeim tengdum. Aðaláhersla er að tengja við raunveruleikann, nota dæmi úr lífi nemendanna sjálfra og samfélagsumræðu líðandi stundar.

Námsgögn - grunnur:

- Fyrstu skref í fjármálum. (Gunnar Baldvinsson).
- Fjármálavit. (Námsvefur í fjármálalæsi).
- Eru fjármál stórmál? (Sigurður Freyr Sigurðarson).
- Fjármálalæsi-fjármál einstaklinga. (Námsgagnastofnun).

Kennsluhættir – Fyrirlestrar, kennslumyndbönd, verkefnavinna og umræður. Nemendur takast á við fjölbreytt verkefni tengd fjármálum og tengja gjarnan við samfélagsumræðu líðandi stundar sé þess kostur. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna, paravinna eða í hóp. Áhersla lögð á góð samskipti, líflegar umræður, uppbyggilega gagnrýni, vináttu og að hjálpast að.

Kennslufyrirkomulag – Fjármálalæsi er kennd einu sinni í viku, 40 mín. í senn yfir allt skólaárið. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat -Leiðsagnamat: Tekið er mið af verkefnaskilum, vinnusemi, áhuga og framförum nemenda í kennslustundum, góðum samskiptum og hjálpssemi. Verkefni verða metin með tilliti virkni og þátttöku, vinnubragða, tengingu við raunveruleikann og líðandi stund.

Textílmennt – 9. bekkur

Kennari: Erna Óðinsdóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla – List- og verkgreinar (textílmennt) Nánari útfærslu á vinnu við hæfniviðmið og námsmarkmið má sjá í verkefnabók á Mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni -

- að nemendur þjálfist í og geti beitt helstu aðferðum og áhöldum greinarinnar og nýtt við formum textílafurða.

- að nemendur hafi nokkra sýn á hvaða efniviður hentar viðfangsefni.
- að nemendur þjálfist í að vinna með einföld snið og uppskriftir.
- átti sig á mikilvægi þess að beita sér rétt við vinnu sína og þekki réttar vinnustellingar.
- beitt skapandi hugsun og þrói eigin hugmyndir í textílverk og vinni eftir ferli.
- Bæti við sig þekkingu á skreytingaraðferðum og geti skreytt textílvinnu með fjölbreyttum hætti.
- geti lagt mat á eigin vinnubrögð og hönnun og notað viðeigandi hugtök.
- geti nýtt fjölbreytta miðla til að afla gagna til stuðnings eigin hugmynda.
- kynnist hugbúnaði til hönnunar á eigin myndverki og nýti til vinylskurðar. (Með fyrirvara um að tækjakostur verði til staðar á þessu skólaár).
- þekki mun á eiginleikum náttúruafna og gerviefna út frá áferð og kolefnisspori.
- þekki mun á helstu táknum og merkingum textílefna og geti nýtt sér í daglegu lífi.
- geti nýtt endurunnin efni í textílvinnu, gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum og sett í samhengi við sjálfbærni, umhverfisvernd og hringrásarhagkerfið.
- Átti sig á ríkjandi textílhéðum á Íslandi og geti sett í samhengi við sögu, samfélag og listir.

Markmiðið er að nemendur kynnist textílmennt á sem fjölbreyttastan hátt. Læri grunnaðferðir í textíl handverki og geti beitt þeim í verkefnum sínum. Lögð er áhersla á undirbúning, teikningar og skipuleg vinnubrögð sem undirbúning fyrir eigin sköpunarverk og nýti sér jafnframt fjölbreytta miðla vinnu sinni til stuðnings. Lagt er upp úr að nemendur útfæri verkefni sín eftir eigin löngunum og smekk og upplifi því sterkara eignarhald í verkefninu öllu. Að nemendur læri að þekkja mismunandi efnisgerðir með sérstaka áherslu á staðbundið hráefni, íslensku ullina, og endurnýtingu textíls. Athygli nemenda er vakin á ábyrgð í textílneyslu og sett í samhengi við sjálfbærni og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér þann orðaforða sem tilheyrir greininni og öðlist smám saman öryggi í notkun hans. Kennsla fer að mestu leyti fram inni í kennslustofu en ef tengja má verkefni út í náttúruna er það gert.

Námsgögn - grunnur:

- Handbók í Textíl (Þýðing Ásdís Jóelsdóttir).
- Sjálfbærni í textíl – neysla, nýting og nýsköpun (Ásdís Jóelsdóttir).
- Aftur nýtt – námsvefur og verkefnabanki, endurnýting (Þyrey Hlífarsdóttir).
- Umhverfisvæn jurtalitun (Birna Guðmundsdóttir og Kristín Erlingsdóttir)
- Foldaskart í ull og fat – Jurtalitun (Sigrún Helgadóttir og Þorgerður Hlöðversdóttir).
- Stuðningsefni af vef og frá kennara.

Kennsluhættir – Sýnikennsla, kennslumyndbönd og umræður. Einstaklingsmiðuð aðstoð kennara við nemendur. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna, paravinna eða í hóp. Áhersla lögð á góð samskipti, vináttu og að hjálpast að. Ávallt er lögð áhersla á að í hverju verkefni sem lagt er fyrir sé rými fyrir sköpun hvers einstaklings, langanir og smekk.

Kennslufyrirkomulag – 8. og 9. bekkur sitja saman textíltíma þetta skólaár. Textílmennt er kennd einu sinni í viku, ýmist 40 mín. eða 80 mín í senn eftir áherslum hverju sinni. Þessar 80 vikulegu mínútur deilast á milli sjónlista, tónmenntar og textílmenntar. Áherslur í allri kennslu eru einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat -Leiðsagnamat: Umræður um verkefni og lokafrágang þeirra. Auk þess er tekið mið af vinnusemi, áhuga og framförum nemenda í kennslustund, góðum samskiptum og hjálpsemi. Verkefni verða metin með tilliti til vandvirkni, færni og frágangs.

Sjónlistir

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

Markmið - Sjá Aðalnámskrá Grunnskóla, listgreinar við lok 10. Bekkjar.
<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-21-list-og-verkgreinar-2024>

Helstu viðfangsefni- Sjónlistir: Nemendur öðlast skilning á listgreinum. Markmiðið er að hvetja nemendur til að nýta sköpunargáfu sína í gegnum fjölbreytt verkefni. Listgreinar hjálpa nemendum að öðlast skilning á menningu og samfélagi og stuðla að sjálfstrausti nemenda í gegnum listsköpun þar sem þeir fá tækifæri til að tjá sig og deila sínum skoðunum. Nemendur skulu læra að nýta tækni og forrit í listgreinum sem eykur möguleika við sköpun og á framsetningu.

Námsgögn - Nemendur munu vinna að verkefnum bæði frá netinu og kennara. Þeir hafa aðgang að fartölvum, spjaldtölvum, myndlistarvörum og tækjum í fab lab innan skólans.

Kennsluhættir - Við vinnum verkefni í takt við það sem á sér stað í samfélaginu og í skólanum hverju sinni. Nemendur eru hvattir til að velja sér verkefni eftir áhugasviði í samráði við kennara. Unnið verður í lotum. Eitthvað verður boðið upp á val og nemendur velja eftir áhugasviði.

Kennslufyrirkomulag - 2 x 40 mínútna tímar á fimmtudögum til móts við textíl og tónlist.

Námsmat - Lykilhæfni þar sem horft er á eftirfarandi þætti: Gagnrýnin hugsun, sköpunargáfa, samskipti, samstarf, tæknikunnátta, sjálfstæði, menningarlegur skilningur og sjálfstraust.

Skólaíþróttir

Kennari: Halla Rúnarsdóttir

Markmið -Hæfniviðmið Aðalnámskrár Grunnskóla- Skólaíþróttir
<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-23-skolaithrottir-2024>

Helstu viðfangsefni -

- Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki.
- Kynna nemendum fyrir fjölbreyttum íþróttum, einstaklings og hópíþróttir.
- Áhersla lögð á hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun. Lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.
- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Markmið er að nemendur fái kennslu og læri undirstöðuatriði helstu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áráðni. Að þau sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Einnig er lögð áhersla á sköpun nemenda, tjáningu og

heilbrigði. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Námsgögn - Unnið er með þau íþróttaáhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni. Kennari styðst við efni af veraldarvef, Íþróttabækurnar sem gefnar eru út af MMS og handbækur tengdar hverri grein.

Kennsluhættir - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins og stundum til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvabjálfun og hringbjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

Kennslufyrirkomulag - Nemendur hljóta íþróttakennslu í 80 mín. í senn, 1x í viku. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er nokkrar vikur að hausti og að vori. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnarmat : Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Íslenska

Kennari: Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Markmið – Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla 2024 – Íslenska

Kennslan byggir á hæfniviðmiðum við lok 10. Bekkjar: <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-19-islenska-2024>

Helstu viðfangsefni yfir veturinn

- Ritun mismunandi textategunda og notkun ritunarramma
- Lesskilningur og greining á fjölbreyttum textum
- Málfræði og setningafræði
- Munnleg tjáning og umræður
- Notkun heimilda og tilvísana
- Sköpun og miðlun í fjölbreyttum formum
- Sjálfsmat og jafningjamat

Námsgögn – grunnur

- Kennslubækur og verkefnabækur í íslensku
- Rafrænar bækur og hljóðbækur
- Nemendatextar og dæmi
- Vefverkfæri (Mentor, TEAMS, vefir með lesefni og heimildum)

Kennsluhættir

- Fyrirlestrar, samræður og leiðsögn
- Vinna í þörum, hópum og einstaklingslega
- Ritunarferli og endurskoðun

- Sjálfsmat og jafningjamat
- Notkun stafrænna verkfæra og fjölbreytt verkefni

Kennslufyrirkomulag

Íslenska er kennd sex daga vikunnar, 40 mínútur í senn. Áherslur í kennslu, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat – Leiðsagnarmat

- Verkefni, vinnubók og ritun
- Sjálfsmat og jafningjamat
- Athuganir og samtöl
- Próf og kannanir
- Mat samkvæmt hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum yfir veturinn

Enska

Kennari: Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Markmið – Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla 2024 – Erlend tungumál enska.

Kennslan byggir á hæfniviðmiðum við lok 10. bekkjar

Beinn hlekkur: <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-20-erlend-tungumal-2024>

Helstu viðfangsefni yfir veturinn

- Unnið með Spotlight 9 í 9. bekk
- Lesskilningsverkefni og orðaforðavinna
- Ritun mismunandi texta og málfræði
- Hlustunarverkefni og samræður
- Verkefni sem tengjast menningu og samfélagi enskumælandi landa
- Sköpun og miðlun í fjölbreyttum formum
- Sjálfsmat og jafningjamat

Námsgögn – grunnur

- Spotlight 9
- Rafrænar bækur og hljóðefni
- Verkefnablöð og vefverkfæri
- Nemendatextar og dæmi
- Vefir með lesefni og heimildum

Kennsluhættir

- Fyrirlestrar, samræður og leiðsögn
- Vinna í pörum, hópum og einstaklingslega
- Ritunarferli og endurskoðun
- Hlustun og munnleg tjáning
- Notkun stafrænna verkfæra og fjölbreytt verkefni

Kennslufyrirkomulag

Enska er kennd þrjá daga vikunnar, 40 mínútur í senn. Áherslur í kennslu er samvinna, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat – Leiðsagnarmat

- Verkefni, vinnubók og ritun
- Sjálfsmat og jafningjamat
- Próf og kannanir
- Mat samkvæmt hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum yfir veturinn

Bekkjartími

Kennari: Oddrún Ýr Sigurðadóttir

Markmið

- Að styrkja samskiptafærni nemenda og takast á við dagleg samskipti í skólanum.
- Að efla sjálfsþekkingu og skilning á eigin styrkleikum, veikleikum, gildum og áhugamálum.
- Að læra að tjá sig skýrt og virða skoðanir annarra.
- Að taka upplýstar ákvarðanir, greina valkosti og meta afleiðingar þeirra.
- Að þekkja og stjórna eigin tilfinningum og sjá hliðar annarra.
- Að hvetja til skapandi hugsunar og þátttöku í samfélagslegum verkefnum í gegnum nemendafélag.

Helstu viðfangsefni

- Bekkjarfundir
- Vinna tengd nemendafélagi og viðburðum

Námsgögn

- Fartölvur
- Efni á neti tengt nemendafélagsvinnu

Kennsluhættir

- Samræður og umræður
- Hópavinna og einstaklingsverkefni
- Vinna með raunveruleg málefni og atburði
- Leiðsögn og sjálfstæð vinnubrögð

Kennslufyrirkomulag

Bekkjartímar eru kenndir einu sinni í viku, 40 mínútur í senn. Áhersla er á jákvæð samskipti, samvinnu, sjálfsþekkingu og þátttöku í skólasamfélaginu.

Námsmat – Leiðsagnarmat

- Athuganir og samtal
- Verkefni og þátttaka
- Sjálfsmat og jafningjamat
- Mat á virkni og þátttöku í nemendafélagi og bekkjarstarfi

Danska

Kennari: Karen Kristjana Ernstsóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla 2024 – erlend tungumál.

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafla-20-erlend-tungumal-2024>

Stuðst er við hæfniviðmið fyrir 2.stig í Aðalnámskrá fyrir erlend tungumál.

Helstu viðfangsefni -

- Heimili og fjölskylda,
- áhugamál og tími,
- Hugrekki og unglingsár
- líkaminn, fjölbreytileiki, tilfinningar,
- dönsk menning og hátíðir

Markmiðið er að efla áhuga nemenda á dönsku tungumáli og danskri menningu. Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á tengslum Danmerkur og Íslands og skyldleika í menningu. Að nemendur efla færni sína í hlustun og talaðri dönsku.

Námsgögn - grunnur:

- TAK kennslubók í dönsku fyrir unglingastig grunnskóla.
- TAK verkefnabækur A og B
- Valdar léttlestrarbækur á dönsku
- Tempo kennsluvefur hjá www.mms.is
- Þættir, myndbönd, tónlist og myndir af veraldarvefnum
- Annað valið efni úr bókum eða af vef.

Allar bækur eru á vef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, bæði raf- og hljóðbækur.

Kennsluhættir - Nemendur lesa og ræða texta í kennslubók með kennara og vinna síðan verkefni tengd textunum í verkefnabók eða á annan hátt, ýmist einir eða saman í litlum hópum. Kennsla fer aðallega fram á dönsku til að efla hlustunar- og málskilning nemenda. Leitast er við að efla færni nemenda í dönsku talmáli og auka skilning þeirra á talaðri dönsku. Áhersla er lögð á að auka orðaforða nemenda sem og að þjálfar ritun á dönsku. Ekki er endilega gert ráð fyrir að nemendur séu allir í sömu verkefnum á sama tíma.

Kennslufyrirkomulag – Danska er kennd fjórum sinnum í viku, 40 mín. í senn. Samkennsla er með 8. bekk. Unnið er í mislöngum lotum þar sem hvert viðfangsefni er tekið fyrir. Kennslubókin TAK er grunnefni vetrarins en einnig verður annað kennsluefni notað. Áhersla er lögð á að nemendur taki ábyrgð á eigin námi.

Námsmat - Leiðsagnarmat. Námsmat byggir á símati, stuttum könnunum, verkefnavinnu, sjálfsmati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Sund

Kennari: Guðbjörg H. Bjarnadóttir

Markmið -Hæfniviðmið Aðalnámskrár Grunnskóla- Skólaíþróttir

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-23-skolaithrottir-2024>

Helstu viðfangsefni -

- Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki.
- Kynna nemendum fyrir fjölbreyttum sundaðferðum æfingum og leikjum í vatni. Einnig björgun, öryggi, hreinlæti og skyndihjálp
- Áhersla lögð á hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun. Lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.
- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Markmið er að nemendur fái kennslu og læri undirstöðuatriði helstu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áráðni. Að þau sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Einnig er lögð áhersla á sköpun nemenda, tjáningu og heilbrigði. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningssklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Námsgögn - Unnið er með þau íþróttáhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni. Kennari styðst við efni af veraldarvef, íþróttabækurnar sem gefnar eru út af MMS og handbækur tengdar hverri grein.

Kennsluhættir - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins og stundum til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvápjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

Kennslufyrirkomulag - Nemendur hljóta sundkennslu í 40 mín. í senn, 1x í viku. Kennslan fer fram í Brautarholti. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnarmat : Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Stærðfræði

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

Markmið- Sjá Aðalnámskrá við lok 10. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-25>

Helstu viðfangsefni- Tölur og reikningur, deilanleiki og þáttun, negatífar tölur og veldi, mengjafræði, almenn brot, tugabrot og prósentur, algebra, föll og jöfnur.

Námsgögn- Skali 1a og 1b og Skali 2a og 2b, nemendabækur og æfingahefti. Átta tíu 1 og 2, rafbækur. Stærðfræðiverkefni sem kennari útvegar og hentar hverjum og einum.

Kennsluhættir og fyrirkomulag- 5 kennslustundir á viku. Námssefninu er skipt upp í lotur og aðlagð að þörfum hvers og eins. Unnið eftir aðferðum Hugsandi skólastofu (Building thinking classroom) þar sem nemendur vinna saman í 2ja til 3ja manna hópum standandi við tússtöflur og leysa verkefni sem reyna á skapandi hugsun, lausnaleit og samvinnu. Þegar unnið er eftir hugmyndafræðinni hvetur það nemendur til að deila sínum aðferðum og hugmyndum með jafningjum og til að tala um stærðfræði, sem bætir árangur. Tússöflur, þar sem auðvelt er að varpa fram og aftur hugmyndum, veita nemendum frelsi til að koma hugmyndum sínum á framfæri þar sem auðvelt er að stroka út og byrja aftur. Eins veitir það að standa uppréttur við vinnu sína aukið frelsi og er líklegt til að efla virkni og sjálfsöryggi nemenda, annað en þegar setið er við borð. Vinna við töflurnar veitir kennara einnig góða yfirsýn yfir virkni og gengi nemenda og getur þannig brugðist hratt við þegar nemendur þurfa aðstoð eða eru óvirkir. Aðferðin einblínir á að kennari aðstoði við að finna leið að lausn verkefna fremur en að sýna nemendum lausnina. Námið felst í hugsun nemenda. Nemendur vinna einnig sjálfstætt við borð og nýta það sem þeir lærðu á töflunum.

Stuðningsfulltrúi er í flestum tímum og hefur hópurnar tvö rými til afnota. Það býður upp á að hægt sé að sinna einstaklingum þar sem þeir eru staddir mjög vel. 2x í viku er 9. bekk kennt sér. Lítið verður um heimanám ef nemendur nýta tímann sinn vel í skólanum en fylgjast þarf vel með á mentor og Teams ef nemandi missir úr.

Námsmat- Símat, smápróf og lotukannanir. Nemendur fá tækifæri til að bæta sig í markmiðum þar sem eitthvað vantar upp í í smáprófunum.

Heimilisfræði

Kennari: Elín Sigríður Jónsdóttir

Markmið - Sjá aðalnámskrá grunnskóla við lok 10. bekkjar. Aðalnámskrá

Helstu viðfangsefni –

- Sjálfstæði við matreiðslu og frágang.
- Geta greint frá viðbrögðum við slysum við eldhússtörf.
- Geti tileinkað sér mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og eldhússtörf.
- Geti skilið og tileinkað sér mikilvægi heilbrigðrar næringar og lífshátta.
- Geti matreitt og sagt frá bæði íslenskrri og erlendri matarmenningu.
- Geti sett heimilisfræði í samhengi við sjálfbærni, umhverfisvernd og neytendavitund.

Námsgögn:

- Uppskriftir fyrir unglingastig.
- Veraldarvefurinn.
- Efni frá kennara.
- Valdar uppskriftir og verkefni úr bókunum gott og gagnlegt 3.

Kennsluhættir - Verklegar æfingar og umræður. Unnið í þörum og hópum.

Kennslufyrirkomulag – 8.-9. bekk er kennt saman í 2 blönduðum hópum sem skiptast á að fá 80 mínútna kennslustund aðra hverja viku á móti smíði.

Námsmat - Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Áhersla er lögð á vandvirkni, sjálfstæði og samvinnu í hópum.

Tónmennt

Kennari: Elín Sigríður Jónsdóttir

Markmið - Sjá aðalnámskrá grunnskóla við lok 10. bekkjar. Aðalnámskrá

Helstu viðfangsefni –

- Hlustun og greining.
- Sköpun og skráning.

Námsgögn:

- Veraldarvefurinn.
- Tónmenntavefurinn.
- Söngvasafn.
- Efni frá kennara.

Kennsluhættir – Helstu kennsluhættir eru fyrirlestrar og innlög með umræðum.

Kennslufyrirkomulag – 8. og 9. bekk er kennt saman í tónmennt. Tónmennt er kennd einu sinni í viku, ýmist 40 mín. eða 80 mín í senn eftir áherslum hverju sinni. Þessar 80 vikulegu mínútur deilast á milli sjónlista, tónmenntar og textílmennar. Áherslur í allri kennslu eru einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Hönnun og smíði

Kennari: Lilja Loftsdóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámsskrár grunnskóla-List og verkgreinar (Hönnun og Smíði)

Helstu viðfangsefni -

- Þekkt helstu verkfæri og mælitæki sem notuð eru í formun smíðafna og útskýrt rétta notkun þeirra og virkni,
- Þekkt flest smíðafni sem notuð eru og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra,
- Þekkt flestar smíðaaðferðir, framkvæmt þær algengustu og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra,
- Beitt viðeigandi vinnustellingum, notað réttan hlífðarbúnað, fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar
- Útskýrt hugmyndir sínar fríhendis og með grunnteikningu,
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað,
- hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu með áherslu á grænar lausnir,
- sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu, gert grein fyrir iðngreinum og mikilvægi þeirra í samfélaginu,
- gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt, samfélag og jörðina,
- nýtt hugbúnað við stafræna hönnun á vöru,
- umbreytt stafrænni hönnun í fullunninn hlut með aðstoð tölvustýrðra tækja eða smíðavéla,
- nýtt sér örtölvur til að stýra aðgerðum.
- greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni og grænar lausnir að leiðarljósi við vinnu sína, svo sem við efnisval,
- gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýta ýmsa hluti í anda hringrásarhagkerfis,
- greint og fjallað um handverk og hönnun í samhengi við sögu, samfélag og listir.

Námsgögn - grunnur:

- Námsefni í nýsköpun
- Stuðningsefni af vef og frá kennara.

Kennsluhættir – Sýnikennsla og umræður. Einstaklingsmiðuð aðstoð kennara við nemendur. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna, paravinna eða í hóp. Áhersla lögð á góð samskipti, vináttu og að hjálpast að. Ávallt er lögð áhersla á að í hverju verkefni sem lagt er fyrir sé rými fyrir sköpun hvers einstaklings, langanir og smekk.

Kennslufyrirkomulag – Hönnun og Smíði er kennd einu sinni í viku, 80 mín. 8.-9. bekk er kennt saman í 2. blönduðum hópum sem skiptast á aðra hverja viku á móti Heimilisfræði.

Námsmat - Leiðsagnamat: Umræður um verkefni og lokafrágang þeirra. Auk þess er tekið mið af vinnusemi, áhuga og framförum nemenda í kennslustund, góðum samskiptum og hjálpssemi. Verkefni verða metin með tilliti til vandvirkni, sjálfstæði, færni og frágangs.